

Því úrskurðast:

Framangreind dómkvaðning skal fara fram aðeins að því er varðar mat viðgerðarkostnaðar á framangreindum skemmdum.

Mánudaginn 1. apríl 1946.

Nr. 124/1945. **Réttvísín** (Hrl. Eggert Claessen)

gegn

Sveini Bergmanni Bjarnasyni

og

Birni Kolbeinssyni (Hrl. Sigurður Ólason).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Árás á lögreglumenn.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að refsing ákærða Sveins Bergmanns Bjarnasonar þykir hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi og refsing ákærða Björns Kolbeinssonar 30 daga varðhald, er skal vera skilorðsbundið, enda verði reynslutíminn 5 ár.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 1000 krónur til hvors.

Ýmsir gallar eru á rannsókn málsins. Kristján Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði, hélt frumpróf málsins. Var það ekki viðurkvæmilegt, þar sem hann var viðstaddur atburði þá, sem málið er risið af, og bar síðan vitni í málinu. Hann hrapaði að eiðfestingu vitna, áður en skýrsla var tekin af ákærðu. Sýslumanninum í Strandasýslu var sent málið til rannsóknar 8. marz 1944 vegna dvalar ákærðu og ýmissa vitna í lögsagnarumdæmi hans. Hann aðhafðist ekkert í því og sendi það frá sér til sakadómarans í Reykjavík 11. október s. á. Ögmundur Ólafsson, sem bar vitni í málinu á Ísafirði 4. marz 1944 og vann eið að, gaf 13. apríl

1945 vottorð, þar sem hann breytti frásögn sinni ákærða Birni Kolbeinssyni í vil. Þetta vottorð staðfesti hann á dómþingi í Reykjavík 15. maí s. á. Lét þá dómariinn undir höfuð leggjast að ganga á hann um ástæður fyrir því, að hann breytti framburði sínum.

Verður að vita þessa galla á meðferð málsins.

Dómsorð:

Ákærði Sveinn Bergmann Bjarnason sæti fangelsi tvo mánuði.

Ákærði Björn Kolbeinsson sæti varðhaldi 30 daga, en fullnustu refsingar hans skal frestað og niður skal hún falla að fimm árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldin.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Eggerts Claessens og Sigurðar Ólasonar, 1000 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 21. ágúst 1945.

Ár 1945, þriðjudaginn 21. ágúst, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 264—265/1945: Réttvísing gegn Sveini Bergmann Bjarnasyni og Birni Kolbeinssyni, sem tekið var til dóms hinn 8. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Sveini Bergmann Bjarnasyni sjómanni, Brekkustíg 6 A, og Birni Kolbeinssyni kyndara, Miklubraut 5, fyrir brot gegn XII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði Sveinn Bergmann Bjarnason er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. júní 1918, og hefur hann, svo kunnugt sé, sætt þessum kærnum og refsingum:

- 1930 $1\frac{1}{8}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir ljósleysi á reiðhjóli.
- 1930 $2\frac{1}{4}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir sams konar brot.
- 1932 $1\frac{1}{8}$ Kærður fyrir þjófnað, sleppt með alvarlegri áminningu.
- 1933 $2\frac{1}{2}$ Kærður fyrir reiðhjólþjófnað. Afgreitt til barnaverndar-
nefndar.
- 1936 $1\frac{1}{2}$ Undirgekkst að greiða skaðabætur fyrir spellvirki.
- 1938 $3\frac{1}{8}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1939 $\frac{5}{8}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir tálmun við störf lögregluþjóns.
- 1940 $1\frac{1}{4}$ Áminning fyrir ólæti á götu.
- 1940 $\frac{1}{8}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1940 $2\frac{1}{10}$ Dómur aukaréttar, 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 244.
gr. hegningarlögganna, skilorðsbundið.
- 1941 $2\frac{3}{8}$ Sátt, 25 kr. sekt, 58 krónur skaðabætur fyrir ölvun og
skemmdir.
- 1942 $1\frac{1}{2}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 13 1941.
- 1942 $\frac{2}{8}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og áflog.
- 1942 $\frac{3}{8}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1942 $\frac{4}{8}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn 34. gr. lögreglusam-
þykktar Reykjavíkur.
- 1943 $1\frac{1}{4}$ Sátt, 200 kr. sekt, 250 kr. skaðabætur fyrir líkamsárás.

Ákærði Björn Kolbeinsson er kominn yfir lögdur sakamanna, fæddur 6. jan. 1921. Hinn 9. nóvember s. l. hlaut hann að greiða 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri, en að öðru leyti hefur hann ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu. Hinn 16. febrúar 1944 voru ákærðu og nokkrir félagar þeirra staddir á Ísafirði sem farþegar með e/s Súðinni. Voru þeir á leið til Ingólfsfjarðar, ráðnir í byggingarvinnu við sildarverksmiðju þar. Síðari hluta dagsins tóku ákærðu og félagar þeirra, Hákon Þorsteinsson verkamaður, Bergþórugötu 41, og Ólafur Ingi Jónsson verkamaður, Fálkagötu 10 A, að neyta áfengis, og komust þeir allir undir áhrif þess. Þegar atburðir þeir, sem ákærðu eru gefnir að sök, gerðust, var Ólafur mjög ölvaður, en hinir mun minna, að því er virðist. Klukkan 9 um kvöldið fóru þeir félagar á kvikmyndasýningu í Alþýðuhúsinu á Ísafirði. Meðan á fyrri hluta sýningarinnar stóð, fór Ólafur út úr sýningarsalnum niður í kjallara hússins sinna erinda, en villtist síðan í húsinu vegna ókunnugleika og ölvunar og gerði þar lítills háttar spell, og varð þetta til þess, að lögreglan handtók hann, en lét hann þó lausan skammt frá húsinu og bannaði honum að fara aftur inn í Alþýðuhúsið. Ólafur hlýddi því þó eigi, heldur fór aftur inn í húsið. Sóttu hann þá þangað þrír lögregluþjónar, yfirlögregluþjónninn Jón Ásbjörn Jóhannesson og lögregluþjónarnir Jón Finnsson og Halldór Jónmundsson og færðu hann á lögreglustöðina, og þar sem Ólafur sýndi þeim móthróa, settu þeir á hann handjárn. Undir rannsókn máls þessa var Ólafur sektaður með réttarsátt fyrir ölvun sína, og féllst hann á að greiða

bætur fyrir spjöll þau, sem hann var talinn hafa gert í Alþýðuhúsinu. Þegar Ólafur var færður í lögreglustöðina, fylgdust þangað með honum tveir samferðamenn þeirra félaga Kristinn Gunnlaugur Erlendsson rafsudumaður, Hverfisgötu 72, sem var undir áfengisáhrifum og neytt hafði áfengis með þeim síðari hluta dagsins, og Ólafur Thoroddsen rafvirki, Vesturgötu 3, og þótti þeim Ólafur sæta harkalegri meðferð en þeim þótti ástæða til. Kristinn fór af lögreglustöðinni til Alþýðuhússins og hitti þar hina ákærðu og Hákon og skýrði þeim frá, hvernig komið var fyrir Ólafi. Þannig stóð á, að e/s Súðin átti að fara að leggja af stað frá Ísafirði, og var þeim félögum áhugamál að ná í Ólaf, svo að hann missti ekki af skipinu. Þeir fóru því til lögreglustöðvarinnar í því skyni að fá Ólaf með sér um borð, en ósannað er með öllu, að þeir hafi haft uppi ráðagerðir um að leysa hann úr haldi með ofbeldi. Fyrir framan lögreglustöðina hafði safnast saman hópur manna. Þeir félagar gengu snúðugt gegnum hóp þenna og að dyrum lögreglustöðvarinnar, sem voru aftur, en ólæstar. Björn var fyrstur að dyrunum, og án þess að berja að dyrum, tók hann í hurðarhúnninn og ætlaði að opna dyrnar, en þá var ýtt á hurðina innan frá, og sáu ákærðu, að það gerði lögregluþjónn, og þeim skildist, að þeim væri bönnuð innganga. En þá ýttu þeir fastar á hurðina, og tókst lögregluþjóninum, sem ýtti á að innan, ekki að halda hurðinni aftur, og komust ákærðu því inn.

Eftir að ákærðu komu inn, urðu þar ryskingar skamma stund, en mjög greinir þá, sem þarna voru staddir, á um, hvernig þær fóru fram. Skulu nú framburðir viðstaddra raktir í höfuðatriðum. Í lögreglustöðinni voru þrír lögregluþjónar, þeir sem áður eru nefndir, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði og Ögmundur Ólafsson, timburmaður á Súðinni, auk ákærðu og nokkurra samferðamanna þeirra.

Yfirlögregluþjónninn ber, að ákærðu hafi, um leið og þeir höfðu ruðzt inn, ráðizt á Halldór Jónmundsson lögregluþjón, sem þarna var að gæta Ólafs og var að reyna að sefa hann, og hafi þeir reynt að taka Ólaf af honum. Hafi annar ákærðu, óvist hvor, tekið yfir háls Halldórs og þeir báðir reynt að hafa hann undir, en þá tók yfirlögregluþjónninn þann ákærða, sem ákafar virtist sækja að Halldóri, sem var Björn, en þá náði Halldór tökum á hinum. Í viðureign þeirra féll hatturinn af kolaofninum, sem þarna var inni. Ber þetta vitni, „að árás þessi hafi verið mjög frekleg og hin grófasta á allan hátt.“ Brátt sefuðust ákærðu, og varð ekki meira úr ryskingum, og fylgdi vitnið þeim síðan um borð í e/s Súðina, og fór Ólafur, sem þá hafði verið látinn laus, þangað með þeim. Að þessum framburði hefur vitnið unnið eið. Jón Finnsson lögregluþjónn staðfestir framburð yfirlögregluþjónsins, sem í upp-

hafi yfirheyrslu þessa vitnis var lesinn fyrir því, og hefur vitnið unnið eið að framburði sínum.

Framburðir þessara tveggja lögregluþjóna voru lesnir fyrir vitninu Halldóri Jónmundssyni lögregluþjóni í upphafi yfirheyrslu hans, og staðfestir hann framburði þeirra. Segir hann hina ákærðu hafa ráðizt strax á sig, þar sem hann gætti Ólafs, og hafi þeir ætlað að taka hann af sér. Þeir hafi tekið allóþyrmilega á sér og Sveinn gripið um hálsinn á sér og ætlað að snúa sig niður. Vitnið tók á móti, og í þeim sviptingum rakst vitnið á ofninn, sem eldur var í, hrukku þá hatturinn og hringarnir ofan af ofninum, en buxur vitnisins sviðnuðu, svo að á þær kom stórt gat. Að þessum framburði hefur vitnið unnið eið.

Vitnið Kristján Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans, skýrir svo frá, að ákærðu hafi, strax og þeir komu inn í lögreglustöðina, ráðizt á Halldór Jónmundsson lögregluþjón, sem þá gætti Ólafs. Hafi þeim (báðum að því er virðist) tekizt að hrekja hann upp að þili og hafi hann fallið þar á bekk. Í þessari viðureign hafi Halldór rekizt á ofninn og hafi látið nærri, að ofninn félli alveg um. Segir vitnið, að nú hafi hinir lögregluþjónanir skorizt í leikinn, og hafi ákærðu þá sefapt. Ekki minnst vitnið þess, að nein orðaskipti færi milli ákærðu og lögreglunnar, áður en ryskingarnar hófust, nema að Jón Finnsson bannaði ákærðu inngöngu. Vitnið kveður nokkur átök hafa orðið milli yfirlögregluþjónsins og ákærðu, áður en þeir sefuðust. Ákærði Sveinn skýrir svo frá, að þegar þeir komu inn, hafi hann séð Ólaf liggja þar á bekk mjög órólegan, og hafi lögregluþjónn, sem var Halldór, gætt hans og hálf setið ofan á honum. Kveðst ákærði hafa gengið rakleitt að þeim, kippt í öxl lögregluþjónsins og spurt hann, hvort hann gæti ekki farið gætilegar með Ólaf. Lögregluþjónninn hafi þá brugðizt illa við og ofsalega, ýtt ákærða frá sér og sagt honum ekki koma þetta við og um leið slegið hann á munninn, svo að sprakk fyrir á vörum hans. Þá tók ákærði á lögregluþjóninum, og lentu þeir í stimpingum, en hann neitar að hafa tekið lögregluþjóninn hálstaki. Hann minnst þess ekki, að neitt færi úr skorðum þarna inni, en kveður það þó vel geta verið. Eftir að stimpingar þessar höfðu staðið skamma stund, hættu þeir þeim að beiðni yfirlögregluþjónsins. Ákærði Sveinn fullyrðir, að Björn hafi ekki tekið á Halldóri, og minnst þess ekki, að hann lenti í átökum við neinn lögregluþjónanna. Ákærði Sveinn neitar eindregið að hafa að fyrra bragði ráðizt á Halldór, en kveðst hins vegar hafa orðið reiður, þegar Halldór hratt honum og sló hann, og þá hafa ráðizt á móti honum.

Ákærði Björn skýrir svo frá, að þegar þeim komu inn í lögreglustöðina, hafi þeir orðið all æstir af að sjá Ólaf liggja handjarnaðan á gólfinu, óhreinan og hálftrylltan. Hann sá Svein og

Halldór lenda í ryskingum þarna inni, og telur hann þær hafa hafizt þennig, að Halldór hafi ætlað að ýta Sveini út, en Sveinn þá ráðizt á móti honum og þeir þá tekizt á. Minnir Björn, að þeir féllu báðir á gólfið og að áður hefði ofninn farið úr skorðum vegna ryskinganna. Björn kveður hina lögregluþjónana ekki hafa tekið þátt í ryskingum þarna, heldur hafi þeir beðið þá Svein og Halldór að stilla sig. Björn neitar að hafa tekið nokkurn þátt í ryskingum þarna, en vera megí, að hann hafi stjakað við lögregluþjóninum Halldóri eða ýtt honum frá Ólafi, en hitt sé algerlega rangt, að hann hafi hjálpað Sveini til að koma lögregluþjóninum undir. Ólafur, sem þarna var inni, handtekinn, man, að hann sá ákærðu þarna, en man ekki, að hann sæi þá lenda í neinum illdeilum. Hákon Þorsteinsson gerir mjög lítið úr viðureigninni í lögreglustöðinni. Hann ber, að er þeir félagar voru komnir inn í lögreglustöðina, hafi lögregluþjónn þar, sem eftir öðru að dæma hefur verið Halldór, tekið í einhvern þeirra og ætlað að ýta honum út, en sá (Sveinn) ekki viljað fara út, heldur veitt mótspyrnu og ýtt lögregluþjóninum aftur á bak, og hafi þetta endað með því, að lögregluþjónninn hafi fallið aftur á bak á legubekk þarna. Eftir öðrum ryskingum man hann ekki þarna og man ekki eftir, að ráðizt væri á neinn sérstakan. Þessir framburðir ákærðu og Hákonar hafa verið bornir undir lögregluþjónana, en þeir halda við áður rakta framburði sína. Yfirlögregluþjónninn tekur þá fram, að hann hafi ekki séð Halldór berja Svein í andlitið og telur sig hljóta að hafa séð það, ef um það hefði verið að ræða. Ekki sá hann Svein með neina skeinu né heyrði hann kvarta um áverka. Hann segir Halldór ekki hafa verið reiðan, en hafa þurft að beita sér til að hrinda árásinni. Hann kveður hina ákærðu hafa verið mjög ölvaða og tryllta af æsingu og rosta-fengna í orðum.

Jón Finnsson lögregluþjónn ber, að Björn hafi staðið að árásinni á Halldór ásamt Sveini, en ekki greinir hann nánar athafnir Björns. Yfirlögregluþjónninn hafi svo tekið annan þeirra, sem eftir öðrum framburðum að dæma hefur verið Björn, en vitnið haldið Ólafi. Ekki sá vitnið Halldór berja Svein né varð þess áskynja, að Sveinn hefði hlotið áverka. Ekki kveðst hann hafa séð, að Halldór yrði reiður í viðureigninni við Svein.

Halldór Jónmundsson lögregluþjónn ber, að Ólafur hafi setið á legubekk, þegar ákærðu komu inn, en ekki á gólfinu, og hafi vitnið þá staðið við hlið hans og stutt við hann á hægri öxl. Vitnið neitar því, að Sveinn hafi hnippt í sig, heldur hafi hann reynt að hrinda sér frá Ólafi og spurt sig, hvort það ætlaði að drepa manninn. Vitnið kveður Svein hafa reynt að taka fyrir kverkar sér, en sjálfst kveðst það ekki hafa slegið hann og man ekki, að

það sæi neinn áverka á honum eftir viðureignina. Kveðst vitnið fyrst hafa hrundið Sveini frá sér með því að styðja á axlir honum. Ber vitnið, að Björn hafi hvað eftir annað reynt að ná tökum á sér, og vitnið telur, að hann hafi einu sinni slegið sig í öxlina, en af því að Sveinn hafði náð tökum á vitninu, hafi Björn ekki komið til að ná tökum á því.

Vitnið Ögmundur Ólafsson var stött á lögreglustöðinni, þegar ákærðu ruddust inn. Ber þetta vitni, að Ólafur hafi þá orðið mjög æstur og reynt að rísa upp, en Halldór lögregluþjónn hafi þá tafarlaust snúið hann niður. Hafi þá ákærði samkvæmt fyrri framburði vitnisins ráðizt á Halldór og komið til áfloga milli þeirra og lögregluþjónanna. Staðfestir vitnið, að lögregluþjónarnir skýri rétt frá atburðum við fyrstu yfirheyrslu þeirra, en þeir framburðir voru lesnir fyrir þessu vitni. Í síðari framburði ber vitnið, að Halldór hafi verið allæstur og yfirlögregluþjónninn hafi beðið hann að stilla sig. Einnig ber vitnið þá, að sér hafi virzt Björn ekki taka þátt í árásinni, heldur draga sig í hlé, og varð vitnið ekki annars vart en hann kæmi þrúðmannlega fram. Vitnið Kristinn Gunnlaugur Erlendsson segir viðureignina hafa hafizt þannig, að Sveinn hafi gengið fast að Halldóri lögregluþjóni og spurt, hvort hann gæti ekki farið gætilegar með Ólaf, og hafi þessi tilmæli ekki verið sett ókurteislega fram. Lögregluþjónninn hafi þá hrint Sveini frá sér og verið einkennilega æstur. Strax upp úr þessu tókust þeir á, en ekki sá vitnið, hvor fyrr tók á hinum. Í þessum stimpingum datt hatturinn af ofninum, og lögregluþjónninn sló Svein á munninn. Yfirlögregluþjónninn hafi beðið Halldór að stilla sig og Sveinn spurt Halldór, hvort ekki væri hægt að taka þetta rólega. Þetta vitni fullyrðir, að Björn hafi ekki lagt hendur á lögregluþjóninn og að hann hafi ekkert lagt til þessara mála, nema að hann hafi eitthvað reynt að stilla til friðar milli Sveins og Halldórs, og megi vera, að hann hafi þá orðið fyrir einhverjum hrindingum. Þetta vitni ber, að allmikil þvaga og þrengsli hafi verið þarna inni.

Vitnið Ólafur Thoroddsen ber, að þröng hafi verið inni í lögreglustöðinni og vont að sjá, hverjir voru þar viljandi eða óviljandi í stimpingum. Vitnið sá einhverjar litils háttar hrindingar milli Sveins og Halldórs, en man ekki, hver átti upptökin. Vitninu virtist á skorta um skapstillingu Halldórs, og minnir, að yfirlögregluþjónninn bæði hann að stilla sig. Þeir Sveinn og Halldór veltust í stimpingum þessum út úr legubeknum og rákust á ofninn, og við það datt hatturinn af honum, hann opnaðist, og glóð féll út á fólfið. Vitnið sá Björn engan þátt taka í viðureigninni. Að visu hafði það ekki alltaf auga á honum, en álítur afar ólíklegt, að það hefði ekki orðið þess vart, ef Björn hefði lent í stimping-

um. Vitnið segir ákærðu hafa verið mikið drukkna og Kristinn Gunnlaug einnig, en þó ekki eins mikið. Vitnið hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Ólafur Þórir Hansen ber, að þegar ákærðu komu inn í lögreglustöðina, hafi Ólafur Ingi Jónsson verið þar í járnum og Halldór lögregluþjónn staðið yfir honum. Ólafur hafi nú risið upp og virzt vera veikur, kúgast, en lögregluþjónninn hafi þá barið höfði hans niður við vegginn, svo að sprakk fyrir á augabrún og blæddi úr. Hafi Sveinn þá gengið til lögregluþjónsins og spurt, hvort hann gæti ekki farið vægilegar með manninn. Við þessu hafi lögregluþjónninn brugðizt illa, orðið óður og uppvægur og hrint Sveini harkalega frá sér. Fullyrðir vitnið, að Sveinn hafi ekki lagt hendur á hann að fyrra bragði, en hins vegar sá vitnið lögregluþjóninn slá til Sveins í ryskingunum, en veit ekki, hvort höggið hitti. Vitnið segir Björn engin afskipti hafa haft af viðureigninni, og það segir hina ákærðu enga tilraun hafa gert til að taka Ólaf með valdi af lögreglunni. Þetta vitni segir hina ákærðu hafa verið lítið drukkna.

Hafa nú verið rakin höfuðatriði framburða ákærðu og vitna, og eru framburðirnir allsundurleitir. Þess ber að gæta, að ákærðu voru undir áhrifum áfengis, er atburðurinn gerðist. Þá verður að telja skýrslur vitna, einkanlega Ólafs Þóris Hansens, um meðferðina á Ólafi Inga Jónssyni allöfgakenndar. Á það ber að líta, að flestöll vitnin, önnur en lögregluþjónarnir og fulltrúinn, voru meira og minna undir áhrifum áfengis, þegar atburðurinn gerðist, og auk þess flestir félagar ákærðu. Verður að telja hina eiðfestu framburði lögregluþjónanna sterkustu sönnunargögn málsins. Þykja ákærðu með framferði sinu hafa gerzt brotlegir við 106. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing Sveins hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga, en refsing Björns, sem telst hafa átt miklum mun óverulegri þátt í brotinu, varðhald í 15 daga. Á þessar ákvarðanir refsinganna orkar einnig fortíð ákærðu, sem áður er rakin. Rétt þykir að ákveða, að fullnustu refsingar Björns skuli fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldin. Halldór Jónmundsson lögregluþjónn hefur krafizt þess, að ákærðu verði dæmdir til að greiða sér kr. 200.00 í bætur fyrir fataskemmdir, sem hann hafi orðið fyrir í ryskingunum. Þessari kröfu hafa ákærðu mótmælt, og þar sem hún þykir eigi nægilega rökstudd, verður hún eigi tekin til greina.

Hina ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 700.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Sveinn Bergmann Bjarnason sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði Björn Kolbeinsson sæti varðhaldi í 15 daga, en fullnustu refsingar hans skal frestað, og niður skal hún falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skil-orð IV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldin.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Sigurðar hestaréttarlögmanns Ólasonar, kr. 700.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. apríl 1946.

Nr. 17/1946. Réttvísín og valdstjórnin

(Hrl. Egill Sigurgeirsson)
gegn

Emil Hjartarsyni (Hrl. Theódór B. Lindal)
og

Jóhannesi Halldórssyni
(Hrl. Kristján Guðlaugsson).

Manndráp af gáleysi og brot gegn bifreiðalögum.

Dómur hestaréttar.

Ákærði Emil Hjartarson kveður, að fjarlægðin frá bifreiðinni til barnanna hafi verið ekki undir 10—15 metrar, þegar hann tók eftir börnunum í sandhrúgunni. Börn þessi voru 4—5 ára, og var því rík ástæða til varúðar, þar sem búast má við, að svo ung börn hlaupi skyndilega inn á akbrautina, þegar þau eru að leik rétt utan við hana. Ákærði Emil brýndi samt ekki að því sinni fyrir ákærða Jóhannesi að viðhafa sérstaka árvekni vegna barnanna og hófst ekki handa um að afstýra slysi fyrr en í óefni var komið. Með greindri hegðun sinni hefur ákærði Emil, sem samkvæmt 21. gr. laga nr. 23/1941 bar ábyrgð á stjórn bifreiðarinnar, gerzt samvaldur að slysinu. Þetta hátterni ákærða, akstur hans án virks hraðamælis, kennsla bifreiðaaksturs, áður en